



SAMTÖK DRAGNÓTAMANNA

Fiskislóð 83, 101 Reykjavík, Sími 893-5494 Fax 552-5495 E-mail fg56@vortex.is
www.dragnot.is

Reykjavík, 14. febrúar 2011.

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
Hr. Jón Bjarnason,
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík.**

Mál nr. 6144/2010 hjá Umboðsmanni Alþingis.

Samtök dragnótamanna þakka bréf ráðuneytisins frá 22. desember sl. Þar sem svör ráðherra eru að okkar mati ófullnægjandi viljum við hér með ítreka þær og bæta einni við að auki:

1. Ekki var spurt hvort ráðherra hefði kannað bakgrunn starfsmanna né heldur hvort sú nefnd hefði lokið störfum. Samt hefur ráðherra sent út gögn sem stíluð eru á nefndina og notað sem rökstuðning í málinu. Spurningin lýtur að vinnubrögðum ráðherra og er mjög skýr: Vissi ráðherra þetta eða ekki? Já eða nei?
2. Eins og í spurningu nr. 1 snýr þetta að vinnubrögðum ráðherra. Þjó hann yfir þessari vitneskju? Já eða nei?
3. Í svari við spurningu 3 vísar ráðherra til fréttatilkynningar nr. 34 frá 1. júní 2010. Á það skal bent að tillögurnar sem þar um ræðir gengu ekki út á verndun grunnslóðar heldur var hér um að ræða aðför að einu tilteknu veiðarfæri. Með tillögunum er jafnframt verið að treysta í sessi veiðar þeirra sem eru ábyrgir fyrir 80% skyndilokana vegna smáfiskadráps árið 2009. Þessar tillögur voru unnar af Guðjóni A. Kristjánssyni. Enginn annar utan ráðuneytis kom að málinu samkvæmt svari ráðherra frá 10. nóvember 2010 sl. Það er því sýndarmennskan ein að tala um umsagnarferlið, því í engu var farið eftir þeim fjölmörgu ábendingum, þar sem vinnubrögð af þessu tagi voru fordæmd.

Það er af og frá að það hafi einungis verið um Samtök dragnótamanna sem vildu að ráðuneytið drægi tillögurnar til baka eða ynni málið á faglegru nótum, eins og gefið er í skyn í svarinu. Öll byggðalög sem fengu málið til umsagnar, að þremur undanskildum og öll aðildarfélag í sjávarútvegi, sem fengu málið til umfjöllunar, mótmæltu framkomnum tillögum og þeim vinnubrögðum sem þar var beitt. Einungis smábátasjómenn, sem hafa rekið áróður gegn dragnót í heila öld án þess að hafa á þeim hundrað árum lagt fram rökstuddar fullyrðingar um skaðsemi veiðanna, skáru sig úr þeim hópi.

Í því sem ráðherra kallar rökstuðning er talað um umtalsverðar friðanir fyrir dragnót í Noregi. Á engan hátt er hægt að bera Noreg saman við Ísland í dragnótaveiðum. Náttúrulegar aðstæður allar eru gerólíkar og afar lítið um sjávarbotn eins og hér til dragnótaveiða. Lítið er um flatfisk og veiðiaðferðin því gjörólík þeim dragnótaveiðum sem Danir, Skotar og Íslendingar nota. Ég sé ekki með nokkru móti hvað *den norske kysttorsk* hefur að gera með dragnótaveiðar á Íslandi. Veruleikinn á Íslandi er að í rækjuralli Hafrannsóknastofnunar kemur fram að ástand þorsks og ýsu í Skagafirði og Húnaflóa er með besta móti þrátt fyrir að þar hafi verið stundaðar dragnótaveiðar í áratugi.

4. Engin vistfræðileg rök er að finna í fréttatilkynningu nr. 34. frá 1. júní 2010.

5. Eins og tíundað hefur verið er ekki um verndun fiskistofna að ræða heldur aðför að einu veiðarfæri. Svona víðtækar lokanir krefjast þess einfaldleg að það liggi skýr rök þar að baki.

Samtök dragnótamanna gera þá kröfu til ráðherra, sem er ráðherra alls sjávarútvegs en ekki aðeins trillusjómana, að hann svari með rökstuðningi. Hann þarf að útskýra með einhverjum vistfræðilegum rökum af hverju verið er að útiloka dragnótina af þeim fáu svæðum sem hún getur athafnað sig á. Á meðan hann víkur sér undan að svara er ekki hægt að túlka framgöngu hans öðru vísi en svo að hann sé að misnota vald sitt í þágu trillusjómana.

Að lokum koma hér þær spurningar, sem Samtök dragnótamanna telja að ekki hafi enn fengist tilhlýðileg svör við. Flestar hafa verið settar fram áður:

1. Ráðherra fól Veiðimálastofnun að tilnefna fulltrúa í starfshóp um dragnótaveiðar. Hann fól stofnuninni jafnframt að senda umsögn um tillögur að lokunum fyrir dragnót. Vissi hann á þeim tímapunkti að líffræðingur Veiðimálastofnunar hafði sem bæjarfulltrúi í Skagafirði ályktað gegn dragnótaveiðum áður en rannsókn á lífríki í innanverðum Skagafirði hafði farið fram?

2. Hver eru þau vistfræðilegu rök sem ráðherrann byggði ákvarðanir sínar á þegar hann ákvað að hunsa þá kröftugu andstöðu sem tillaga hans mætti hjá hagsmunaaðilum?

3. Hvað mælir gegn því að hafa viðmiðunarlínurnar fyrir dragnótaveiðar eins og samkomulag hafði verið um svo áratugum skipti og hver er þjóhagslegur ávinningur af breytingunum?

4. Er það í anda stefnu ríkistjórnarinnar og VG að stefna ráðherra, sem hvorki hefur fengið lýðræðislega né faglega umræðu, sé komin til framkvæmda og telur ráðherrann að þetta sé í anda stjórnarskrárinnar og til marks um góða stjórnsýslu?

Að gefnu tilefni er skal hér áréttað að skrifleg umsögn getur aldrei komið í stað málefnalegrar og upplýstrar umræðu.

Svar óskast skriflegt.

F.h. Samtaka dragnótamanna,

Friðrik G. Halldórsson